

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	27.6.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Norðurál Grundartanga	<b>Fulltrúi UST</b>	Þorsteinn J./Birna S. H.
<b>Heimili</b>	Grundartanga	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	5702972609	<b>Flokkur</b>	Ál
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Steinunn Dögg Steinsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	24.42.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	365596,685 431351,563

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu kom fram áframhaldandi frávik vegna sólarhringsstyrk SO<sub>2</sub> við Kríuvörðu. Sólarhringsstyrkurinn mælist 21 sinnum yfir gróðurverndar og lægri heilsuverndarmörkum árið 2011 og 15 sinnum árið 2012. Reglugerð 251/2002 heimilar að farið sé 7 sinnum yfir losunarmörkin á ársgrundvelli. Beðið er eftir niðurstöðum greiningar á umfangi og eðli útblástursins og hefur því UST veitt Elkem og Norðurál frest til 28.nóvember 2013 til að skila nánari greiningu og skilgreiningu á mótvægisáðgerðum ef við á.

Tvær athugasemdir eru gerðar við starfsemina.

Eftirlitsaðili gerir athugasemd við að leyfismál olúafgreiðslu sbr. 80 gr. reglugerðar 85/1994. Athugasemdin kom fram í síðasta eftirliti en ekki er enn búið að leysa þau mál. Norðuráli ber að sækja um leyfi fyrir olúafgreiðslunni sem allra fyrst.

Athugasemd er einnig gerð við að starfsleyfi fyrir nýrri flæðigryfju liggur ekki fyrir. Rekstraraðili skal sækja um undanþágu til Umhverfisráðuneytisins til losunar í nýju flæðigryfjunar á meðan á starfsleyfisgerðinni stendur.

## UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á eftirlitsfundi og svo farið í skoðunarferð um flæðigryfjunar.

Í upphafi var farið yfir framleiðsluferilinn og helstu mengunarhættur og mengunarvarnir svæðisins. Norðurál er að innleiða ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfi en fékk ISO9001 gæðavottun á síðastliðnu ári.

Farið var yfir síðustu eftirlitsskýrslu og viðbrögð við henni.

Í síðasta eftirliti komu ekki fram ný frávik en unnið hefur verið samkvæmt samþykktri áætlun að úrbótum eldra fráviks. Frávikid snýr að sólarhringsstyrk SO<sub>2</sub> við Kríuvörðu. Iðjuverin á Grundartanga (Norðurál og Elkem) hafa leitað til Verkfræðistofunnar Vatnaskila til að greina eðli og umfang útblásturs frá iðjuverunum m.t.t. SO<sub>2</sub>. Upphaflega stóð til að þeirri vinnu myndi ljúka fyrir nóvember 2012. UST barst stöðumatsskýrsla varðandi þetta þann 18.janúar 2013 þar sem að fram kom ekki væri unnt að skila niðurstöðum greiningarvinnunar fyrr en í lok árs 2013.

Í síðasta eftirliti voru einnig gerðar tvær athugasemdir við reksturinn. Athugasemd var gerð við ryklosun við löndun á súráli. Í eftirlitsskýrslunni kom fram að brugðist hefði verið strax við svo að rykfokið hefði stöðvast. Rætt var um ástæður þessarar ryklosunar og hvort ráðist hefði verið í einhverjar breytingar vegna þessa. Rekstraraðili fullyrðir að löndun súrals fari einungis fram þegar veðurskilyrði eru hagstæð, þ.e.a.s. að vindur valdi ekki súralsfjúki.

Önnur athugasemd var gerð í síðasta eftirliti vegna leyfismála olúafgreiðslu í samræmi við 80.gr. reglugerðar 85/1994. Rekstrarleigusamningur er á milli Norðuráls og N1 sem á allan búnað og olúna. Þar sem að afgreiðslan er innan svæðis Norðuráls ber þeim að sækja um leyfið. Mikilvægt er að leyfið fáiast sem allra fyrst.

Farið var yfir gagnaskil samkvæmt starfsleyfi. Norðurál hefur staðið skil á öllum gögnum samkvæmt ákvæðum þess. Ársfjórðungsskýrslum fyrir árið 2012 var skilað 16.júlí 2012, 17.október 2012, 13.nóvember 2012 og 14.febrúar 2013. Ársfjórðungsskýrslu fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2013 var skilað 25.júní 2013. UST leggur til að ársfjórðungsskýrslum sé skilað eigi síðar en að loknum næsta ársfjórðungs á eftir.

Rekstraraðili hefur heimild til að farga úrgangi sem tilgreindur er í grein 2.19 í sérútbúnum flæðigryfjum. Núverandi flæðigryfjur eru fullar og því hyggst rekstraraðili ásamt Norðuráli sækja um starfsleyfi fyrir nýjum flæðigryfjum. Beðið er eftir samþykkt skipulagsstofnunar á deiliskipulagi svæðisins svo rekstraraðili geti sent fullbúna umsókn um starfsleyfi. Rætt var um að ef Norðurál og Elkem vilji sækja um sitthvort starfsleyfið fyrir flæðigryfjunar þyrfti svæði hvors fyrirtækis/rekstraraðila að vera aðgreint í þeim. Á meðan beðið er þessa leyfis er úrganginum settur ofan á eldri flæðigryfjur.

Að lokum var rætt um rekstur rykhreinsivirkjana, viðhald og tilkynningar. Leitast er eftir því að annast viðhald í lok

vaktar svo starfsemi við kerin og þar með ryklosun sé í lágmarki.

#### Frávik frá

Grein 2.4 í starfsleyfi

#### Lýsing á fráviki

Sólarhringsstyrkur SO<sub>2</sub> mælist 15 sinnum yfir gróðurverndarmörk á árinu 2012. Unnið er að greiningu á eðli og umfangi SO<sub>2</sub> útblásturs fyrir iðjuverin á Grundartanga (Norðurál og Elkem). Iðjuverin á Grundartanga hafa frest til 28.nóvember 2013 til að skila nánari greiningu og áætlun um mótvægisaðgerðir ef við á.

#### ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð vegna leyfismála olíuafgreiðslu í samræmi við 80.gr. reglugerðar 85/1994. Rekstrarleigusamningur er á milli Norðuráls og N1 sem á allan búnað og olíuna. Þar sem að afgreiðslan er innan svæðis Norðuráls ber þeim að sækja um leyfið. Mikilvægt er að leyfið fáið sem allra fyrst.

Rekstraraðili skal sækja um undanþágu til Umhverfisstofnunar til að losunar í nýjar flæðigryfjur á meðan á starfsleyfisgerðinni stendur.

Reykjavík, 15.07.2013

---

Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.